

# 322. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 4. FEBRÚAR 2021 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
  - a) Yfirferð á stöðu sviða
  - b) Endurskipulagning kirkjuráðs, kirkjuþings og nefnda
  - c) Ársreikningur kirkjumálasjóðs 2019
- 3) Kirkjuþing
- 4) Önnur mál
  - a) Húsnæðismál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu
  - b) Tjaldsvæði í landi Skinnastaða

---

## 1. FUNDARSETNING

---

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með lestri fyrsta passúsálms.

Fundinn sátu kirkjuráðsmennirnir sr. Arna Grétarsdóttir, sr. Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, sem ritaði fundargerð. Ásdís Clausen, staðgengill fjármálastjóra, sat fundinn undir lið 2.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings sat fundinn undir liðum 2a, 2b, 2c og 3. Sr. Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings sat fundinn undir lið 2a. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir og Guðlaugur Óskarsson, fulltrúar forsætisnefndar, sátu fundinn undir lið 2b. Gestir fundarins tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

---

## 2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

---

*a) Yfirferð á stöðu sviða*

Staðgengill fjármálastjóra ræddi um fjármál Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu, verkefnastöðu ýmissa mála á fjármálasviði og svaraði fyrirspurnum.

*b) Endurskipulagning kirkjuráðs, kirkjuþings og nefnda*

Kirkjuráð ásamt forsætisnefnd kirkjuþings ræddi kostnað vegna kirkjuráðs, kirkjuþings og nefnda sem starfa á vegum Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuráð og forsætisnefnd voru sammála um að rétt sé að lækka aksturskostnað. Málið verður skoðað frekar í samráði við fjárhagsnefnd kirkjuþings.

*c) Ársreikningur kirkjumálasjóðs 2019*

Upplýst var að ársreikningur kirkjumálasjóðs 2019 verði tilbúinn í næstu viku til undirritunar fyrir kirkjuráð.

---

## 3. KIRKJUÞING

---

Rætt var um næsta fund kirkjuþings 2020-2021 sem boðaður er föstudaginn 12. mars næstkomandi kl 10. Huga þarf að kynningu draga að eignastefnu fyrir kirkjuþingsfulltrúum. Forseti fór yfir helstu mál sem verða á dagskrá svo og tvær kynningar sem verða haldnar fyrir þingfulltrúa.

---

## 4. ÖNNUR MÁL

---

*a) Húsnæðismál Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu.*

Á 321. fundi kirkjuráðs lagði biskup lagði til að hugað verði að framtíð húsnæðismála Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, sem nú er staðsett að Katrínartúni 4, Reykjavík. Ákveðið var þá

að setja starfshóp í málið, skipaðan fulltrúum biskups, kirkjuráðs og forsætisnefndar kirkjubings. Fulltrúar biskups og kirkjuráðs voru þá tilnefndir. Upplýst var að forseti kirkjubings yrði fulltrúi forsætisnefndar í þessari vinnu.

*b) Tjaldsvæði í landi Skinnastaða*

Á 320. fundi kirkjuráðs, 3. og 4. desember sl., var erindi varðandi tjaldsvæði í landi prestssetursjarðarinnar Skinnastaðar vísað til lagahóps kirkjuráðs. Kynnt var afstaða lagahópsins. Aflað verður afstöðu sóknarprests Langanes- og Skinnastaðarprestakalls, sem situr jörðina, til erindisins Málinu frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 14:46.

Næsti fundur kirkjuráðs er fyrirhugaður fimmtudaginn 4. mars nk.

---

Agnes. M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

---

Guðmundur Þór Guðmundsson  
skrifstofustjóri

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Stefán Magnússon

---

Svana Helen Björnsdóttir